

Nd.

180. Nefndarálit

um frumvarp til laga um fasteignarskatt.

(Frá meiri hluta nefndarinnar).

Við fyrirhugaða endurskoðun á skattalöggjöf landsins hefir einkum það tvent verið haft fyrir augum, að bæta skattafyrirkomulagið og afla landsjóði tekna.

Að því er síðara atriðið suertir, munu ver skiftar skoðanir um það,

hvort landssjóður hafi nú sem stendur brýna þörf fyrir auknar tekjur. Þeir, sem andmæla því, geta vitnað til þess, að í frumvarpi því til fjárlaga fyrir árin 1914 og 1915, er stjórnin hefir lagt fyrir þingið, sje áætlaður tekjuafgangur nær 76 þús. kr. Þar við er þó að athuga, að sá tekjuafgangur stendur í sambandi við eyðslu höfuðstóls, þar sem afborganir af útlánum landsjóðs, 116 þús. kr., eru taldar með tekjum, og að þeim sleptum væri rúmlega 40 þús. kr. tekjuhalli. Að visu má gera ráð fyrir, að tolltekjur landsins (vörutollurinn) fari talsvert fram úr áætlun, ef til vill alt að 100 þús. kr. á ári. En hvað sem því líður, eru litlar líkur til, að unt verði að sneiða hjá meiri eða minni tekjuhalla í fjárlögunum, ef ekki á að láta farast fyrir að fullnægja rjettmætum kröfum þjóðarinnar um ný fjárframlög til nytsemdarfyrirtækja. Að undanfögnu hefir oft verið gripið til þess úrræðis, að velta tekjuhalla fjárlaganna yfir á viðlagasjóð. Þó að þetta hafi ekki hingað til orðið að tjóni, sökum þess, að tekjurnar hafa jafnaðarlega reynst hærri en áætlað var, er hætt við, að með líku áframhaldi geti innan skamms rekið að því, að tilfinnanlegur skortur verði á nauðsynlegu starfsfje landssjóðs. Þá er önnur leið til að bæta úr tekjuskorti, að taka lán. Að því leyti sem lántaka miðar til þess, að velta útgjaldabyrði yfir á eftirkomendurna, virðist hún því að eins rjettmæt, að fjenu sje varið til fyrirtækja, er gefa af sjer beinan arð, svo sem svarar vöxtum af láninu og jafnvel afborgunum á hæfilega löngum tíma. En hvernig sem á þetta er lítið, virðist það liggja í augum uppi, að ekki sje ráðlegt að taka lán til að standast árleg útgjöld.

Engum, sem lætur sjer ant um fjárhag landssjóðs, mun því blandast hugur um, að nauðsynlegt sje að koma á því skipulagi til frambúðar, að tekjurnar jafnist á við útgjöldin. Þessu jafnvægi verður ekki náð með öðru móti en því, að útgjöldunum sje haldið innan hæfilegra takmarka, og að sjeð verði fyrir nægilegum tekjum, eftir því sem þröf krefur. Eins og kunnugt er, eru aðaltekjur landssjóðs fólgnar í óbeinum sköttum eða tollum af aðfluttum vörum, er nema sem næst $\frac{3}{5}$ af öllum tekjunum, þar sem á hinn bóginn beinu skattarnir gera ekki betur en að jafnast á við $\frac{1}{10}$ af tollunum. Þetta hlutfall á að nokkru leyti rót sína að rekja til þess, að þegar á auknum tekjum hefir þurft að halda, hefir þeirra jafnaðarlega verið aflað með hækkun tolla eða fjölgun tollstofna. Og að nokkru leyti hefir þetta komið fram við það, að tolltekjur hafa stöðugt farið vaxandi jafnhliða fólksfjölgun og framförum í atvinnurekstri. Um beinu skattana er alt öðru máli að gegna, þar sem þeir hafa að mestu haldist óbreyttir um heilan mannsaldur. Þetta stafar meðal annars af því, að í skattalögunum frá 1877 er að eins að litlu leyti lagður beinn skattur á aðalverðmæti landsins, fasteignirnar, sem í mörgum löndum er ein helsta tekjugreinin, og hefur ýmsa mikilvæga yfirburði fram yfir flestar aðrar skattaálögur, eins og bent er til í álitsskjölum milliþinganeftdarinnar í skattamálum frá 1908

Það sýnist því vera tími til kominn að stiga fyrsta sporið í þá átt, að jafna hið óeðlilega hlutfall milli hinna beinu og óbeinu skatta, því fremur sem tollarnir, að því leyti sem þeir eru neysluskattar, koma tiltölulega þyngst niður á fátækum fjölskyldumönnum, og eru auk þess dýrkeyptir gjaldendum, er hljóta að greiða af þeim hundraðsgjald til kaupmanna. Hins vegar getur ekki hjá því farið, að beinu skattarnir, ef þeim er haganlega fyrir komið, og þá

einkum fasteignarskattur, komi aðallega niður á mönnum, er hafa trygt sjer arðberandi eign eða aflað sjer nokkurs veltufjár. Til þess að fasteignaskattur komi að tilætluðum notum, verður að taka til greina tvö grundvallaratriði, annað það, að skatturinn sje bundinn við mat eða virðingu til peningaverðs, er fari fram með hæfilega löngu millibili, svo að fult tillit verði haft til verðhækkunar í sambandi við framþróun í atvinnuvegum og viðskiftalífi, annað, það, að skatturinn sje miðaður við verðmæti eignarinnar, án tillits til veðskulda, er rýra ekki afnotagildi eignarinnar sjálfrar, og hvila stundum alls ekki á eigandanum eða þá ekki nema í orðni kveðnu. Enda er því síður ástæða til að láta veðskuldir koma hjer til frádráttar, þar sem búast má við að þegar fasteignir eru leigðar, fái eigandi skattinn endurgoldinn af leigjanda að meira eða minna leyti, og í annan stað er gert ráð fyrir, að vextir af skuldum sjeu dregnar frá skattskyldum tekjum.

Við einstakar greinir frumvarpsins er fátt að athuga. Þó skal þess getið, að sannjarnt þykir, að fasteignarskattur skiftist til helminga milli eiganda og leigjanda þeirra jarða, sem eru í leiguabúð, þegar lögin koma til framkvæmda, í stað þess að eftir 1. gr. frumvarpsins getur eigandi aðeins krafist endurgjalds á $\frac{1}{3}$ skattsins af leigjanda.

Í 2. gr. eru húseignir, lóðir, ítök og hlunnindi undanþegin fasteignarskatti, ef þetta nemur eigi alls 300 kr. í eigu sama manns, en óþarft þykir að veita slíka undanþágu. Ennfremur virðist nægilegt, að forgöngurjettur fasteignarskatts fyrir veðkröfum í eignum þeim, er hann hvílir á, sje bundinn við eitt ár frá gjalddaga í staðinn fyrir tvö ár samkvæmt 5. gr.

Af ástæðum þeim, sem að framan eru greindar, og með skírskotun til röksemda þeirra, sem teknar eru fram í athugasemdum stjórnarinnar og álitskjölum millipinganefndarinnar í skattamálum, hefir meiri hluti nefndarinnar komið sjer saman um að leggja það til, að fasteignarskattur verði lögleiddur, og að frumvarpið verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Fyrir » $\frac{1}{3}$ « komi: helmingi.
2. — - — Á eftir »þar til« komi: er.
3. — 2. — Fyrir »sjerskilin« komi: sjerstök.
4. — 2. gr. Orðin »Ennfremur eru undanþegnar eign sama manns« falli burt.
5. — 3. — Fyrir »gildandi« komi: gildu.
6. — 5. — Fyrir »tvö ár« komi: eitt ár.

Neðri deild Alþingis 25. júlí 1913.

Jón Magnússon,
(form.).

Ólafur Briem,
(skrifari og framsögum.).

Jón Ólafsson.

Matth. Ólafsson.